



Gagnsæi samtök gegn spillingu

kt. 701214-1450
Gimli, Háskólatorgi
101 Reykjavík
Ísland

Reykjavík 12.10.2015

Allsherjar og menntanefnd
Nefndarsvið Alþingis
b.t Kristjana Benediktsdóttir
nefnasvid@althingi.is

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu. Þingskjal 12 — 12. mál.

Stofnun, sem fjallar m.a. um góða stjórnarhætti hjá hinu opinbera, og ber nafnið Global Integrity <https://www.globalintegrity.org/> hefur um nokkurt skeið unnið að því að þróa aðferðir við að leggja mat á stöðu innan þjóðfélags gagnvart viðurkenndum heilindavísum, sem eru til þess fallnir að auka gagnsæi og virka sem varnir gegn spillingu. Þessir heilindavísar varða bæði lagahlið og framkvæmdahlið í helstu stöðum þjóðfélaga. Nokkrir þessara heilindavísa varða ýmsa þætti í starfsemi lögreglu, s.s. hvort ráðningar séu samkvæmt faglegum gildum, hvort nægilegar fjárheimildir séu fyrir hendi til að starfrækja embættið, hvort lögregluembætti séu varin gegn pólitískum áhrifum og hvort um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu sé að ræða .

Skortur á lögum um sjálfstætt eftirlit með lögreglu hefur því dregið niður heilindaeknunn Íslands þegar kemur að vörnum gegn spillingu, því brýnt er að borgarar geti borið fullt traust til hlutlægni sjálfstæðs eftirlitsaðila, sem lýtur ströngum hæfisreglum um tengsl við aðila máls.

Gagnsæi,samtök gegn spillingu fagna þessari þingsályktunartillögu og taka heilshugar undir efnisatriði hennar. Fullur skilningur ríkir á því að hagkvæmnisástæður kunni að valda því að eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu þurfi að vera sameinuð við annars konar eftirlit.

Virðingaryllst,
f.h. stjórnar Gagnsæis, samtaka gegn spillingu
Jenný Stefanía Jensdóttir

